

**89. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
20. ágúst 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Endurskoðun aðalskipulags frá 2005-2017.

Árni Ólafsson arkitekt fór yfir stöðu máls og framhald þess.
Skipulags- og umhverfisráð pakkar Árna fyrir góða kynningu.

2. 1807042 - Akraneshöfn, endurbætur á aðalhafnargarði - umsögn

Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna Akraneshafnar.

Lögð var fram beiðni Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd við endurbætur á Akraneshöfn skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í 90 m lengingu hafnarbakka, dýpkun á snúningssvæðum innan hafnar og utan hafnarmynnис og lengingu brimvarnargarðs um 60 m.

Skipulag- og umhverfisráð hefur fengið til skoðunar greinargerð Mannvits sem gerð var að ósk Faxaflóahafna um málið. Skipulags- og umhverfisráð telur að þar sé ágætlega gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og hugsanlegum áhrifum þeirra á umhverfið og gerir ekki athugasemdir við efni hennar.

Settur er fyrirvari í aðalskipulag og deiliskipulag hafnarinnar um framkvæmdir við lengingu brimvarnargarðs og að líkleg áhrif hennar á sandflutning á hafsbotni og sandbúskap Langasands verði könnuð og metin áður en ráðist verður í framkvæmdir.

Ráðið telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á öryggi hafnarinnar, afkastagetu hennar og þar með jákvæð áhrif á atvinnulif og efnahag samfélagsins. Lenging hafnarinnar hefur minni háttar áhrif á ásýnd bæjarins en er í samhengi við anda og yfirbragð útgerðarbæjar.

Að mati ráðsins gefur umfang framkvæmda, staðsetning og líkleg umhverfisáhrif ekki tilefni til þess að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Endurbætur á aðalhafnargarði eru hinsvegar háðar framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar samkvæmt 14.gr. skipulagslagi nr.123/2010. Við leyfisveitingu skal taka mið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdar.

Skipulags- og umhverfisráð vísar ofangreindri tillögu til afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness.

RS

3. 1807128 - Deilisk. Flóahverfi - endurskoðun

Hugmyndir að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis.

*Sviðsstjóri fór yfir hugmyndir að breytingu á athafnasvæði við Flóahverfi.
Breytingar felast m.a. í því að minnka lóðir og breyta nýtingarhlutfalli.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að koma með drög að breyttu
deiliskipulagi í samræmi við umræður á fundinum inn á næsta fund ráðsins.*

4. 1807135 - Deilisk. Skógarhverfi 1. áf. - Seljuskógar 20

Umsókn um heimild til að breyta deiliskipulagi skv. meðfylgjandi uppdrætti.
Breytingin felst í að fella niður bundna byggingarlínu.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á
breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum að Viðjuskóginum 3, Beykiskóginum nr. 10-12-
14-16 og Seljuskóginum nr. 11 og 18.*

5. 1808133 - Deilisk. Skógahverfi 2. áf. - v. Akralundur 13 - 23

Beiðni um breytingu á deiliskipulagi v/Akralundar 13 - 23.

Breytingin felst í að fella niður bundna byggingarlínu við raðhúsin.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á
breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Eyrarlund 2-4-6-8, Akralund nr. 7-9-11
og nr. 6.*

6. 1804231 - Deilisk. Sementsreit - strompur

Deiliskipulagsbreyting á Sementsreit, heimild til að fjarlægja Sementsstrop.

*Ein athugsemd barst en var dregin til baka þar sem hún varðaði ekki ofangreinda
deiliskipulagsbreytingu.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan sem
auglýst var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*verði send til Skipulagsstofnunar þar sem óskad er eftir heimild til að auglýsa
breytingartillöguna í B-deild stjórnartíðinda.*

7. 1806024 - Vesturgata 10 - byggingarleyfi

Umsókn um heimild til að breyta áður samþykktu byggingarleyfi (9. júlí 1981) úr
bílskúr í íbúðarhúsnæði.

Frestað til næsta fundar.

8. 1807072 - Skólabraut 19 - fyrirspurn

Farið yfir breytt lóðamörk við Skólabraut 19.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ræða frekar við lóðarhafa
varðandi skiptingu á lóð.*

9. 1808075 - Lóðir til úthlutunar

Lóð við Kalmansvelli 5.

Sviðsstjóri fór yfir málið.

RS

10. 1808092 - Gönguþveranir

Gönguþveranir i tengslum við gatnaverk.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að setja gönguþveranir yfir Leynisbraut.

11. 1806110 - Esjubraut 24 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Esjubraut 24.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

12. 1806111 - Esjubraut 26 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Esjubraut 26.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

13. 1806113 - Esjubraut 22 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Esjubraut 22.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

14. 1806112 - Esjubraut 28 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Esjubraut 28.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

15. 1808062 - Presthúsabraut 24 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 24.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

16. 1705170 - Presthúsabraut 27 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 27.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

17. 1808063 - Presthúsabraut 30 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 30.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

18. 1705171 - Presthúsabraut 31 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 31.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

19. 1808064 - Presthúsabraut 33 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 33.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

RS

20. 1807127 - Sandabraut 10 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings á Sandabraut 10.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Ragnar Scamund
Hentur Jóh. Jóhannsdóttir
Ólafur Ólafsson
Sis. J. H.
Skulan J. French
Sæm frá fríðum
Safpus Sig. rit.